

Markmið

Markmið ferðarinnar var að fara á Skeiðarársand að skoða gróðurframvindu, bæði á gróðri og trjám. Einnig var horft á eftir öðrum breytingum.

Áhöld

- Mappa með blöðum
- Tvö bönd
- Tveir blýantar
- Tommustokkur
- Ný plastmerki
- Bensli til að festa merki
- Töng til þess að setja merki á plöntur
- Töng til að klippa bensli
- Plastdós 300 ml

Lýsing á ferð:


Farið var að stað á Skeiðarársand frá FAS klukkan átta og tók ferðin á sandinn um það bil tvo klukkutíma. Þegar komið var á áfangastaðinn þá var tekin hópmynd upp við gömlu réttina sem er rétt hjá þar sem rútan stoppaði. Þegar myndatakan var búin fóru allir hóparnir af stað á reit þrjú þar sem hópurinn sem var með þann reit var með smá sýnikennslu. Þegar sýnikennslan var búin fóru allir þrír hóparnir á sína reiti en tveir hóparnir voru með einn reit hvor en hinn hópurinn var með þrjú reiti.

Þegar komið var að reitunum þá þurftu fyrst einhverjir fjórir að standa við hvert horn til að afmarka reitinn og taka mynd af reitnum frá ákveðnum stað. Það sem þurfti að gera næst var að áætla hversu mörg prósent gróðurþekjan var af reitnum og hversu mörg prósent af gróðurþekjunni var mosi. Það sem allir þurftu að gera næst var að telja öll tré inni í reitnum. Það var gert með því að vera með tvo spotta með 50 cm milli bili og telja öll birkitré og öll víðitré alla leið yfir reitinn til að léttu mönnum fyrir að telja trén sem voru í reitnum. Þetta var allt gert með mjög mikilli nákvæmni. Það sem var gert næst var að mæla hæð allra plantnanna og merkja nýjar plöntur sem voru yfir 10 cm. Á þeim trjám sem voru með merki þurfti að mæla hvað þær væru búnar að vaxa mikið frá síðasta ári. Það næsta var að telja rekkjana. Ef þeir voru fleiri en 20 var merkt þá með F. Það þurfti líka að gá hvort það væru ummerki um skordýr og sauðfjárbreit. Ef það voru blóm í reitnum var reynt að greina þau með aðstoð blómabókar.

Þegar allir hóparnir voru búnir að gera allt sem þeir áttu að gera í reitunum þá lögðu þeir af stað í átt að rúttunni. Áður en haldið var heim fengu menn sér bita af nestinu sem þeir höfðu komið með. Á bakaleiðinni var stoppað hjá Kvíármýrarkambi og gengið upp á jökulgarð sem jökullinn hafði fyrir mörgum áratugum rutt á undan sér. Síðan þá hefur jökullinn hropað gríðarlega mikið til baka. Við komum til baka í FAS rétt fyrir þrjú.


Niðurstöður

Næstu tíma var síðan unnið með upplýsingarnar sem var safnað í ferðinni.




Mynd 1. Fjöldi birki- og víðiplanta í reitum.

Á mynd eitt má sjá heildarfjölda plantna frá árunum 2009-2015. Fjöldi víðiplantna er meiri en fjöldi birkiplantna. En árið 2012 varð mikil breyting og skýring gæti verið að það var eldgos það ár.




Mynd 2. Ummerki eftir beit eða skordýr í reitunum.

Ummerki eftir skordýr eru mikil yfir öll árin en beit er ekki mikil. Breytingar milli ára gætu verið vegna veðurs.




Mynd 3. Fjöldi planta með rekkla.

Fjöldi plantna með enga rekkla er meiri en plantna með rekkla en plöntum með rekkla hefur þó fjölgað gegnum árin.



Mynd 4. Reitur 3 planta 2 hækkun milli ára.

Planta úr reit 3 sem hefur hækkað frá því að mælingar hófust. Plantan hefur vaxið ágætlega fyrstu þrjú árin en hefur svo nánast staðið í stað seinustu tvö ár.



Mynd 5. Reitur 1 planta 1 hækkun milli ára.

Planta úr reit eitt sem hefur hækkað en einnig minnkað milli ára, skýringin á því gæti verið vegna ónákvæmi við mælingar.

Túlkun á niðurstöðum

Á mynd eitt má sjá heildarfjölda plantna frá árunum 2009-2015. Fjöldi víðiplantna er töluvert meiri en fjöldi birkiplantna. En árið 2012 varð mikil breyting og skýring gæti verið að það var eldgos í Vatnajökli árið á undan. Margar litlar plöntur grófust þá undir ösku.

Ummerki eftir skordýr eru mikil yfir öll árin en beit er ekki mikil. Breytingar milli ára gæti verið vegna veðurs.

Fjöldi plantna með enga rekkla er meiri en plantna með rekkla en plöntum með rekkla hefur þó fjölgað gegnum árin, sem þýðir það að plantan er tilbúin að fjölga sér.

Planta úr reit þrjú hefur hækkað um tæplega 40 cm frá því að mælingar hófust sem gefur vísbindingu um að trén séu að stækka. Þó er planta í reit eitt sem hefur hækkað en einnig minnkað milli ára, skýringin á því gæti verið vegna rangra mælinga.

Áróra Dröfn, Halldór, Lea og Þorgeir unnu skýrsluna.